25. gr.

Aðildarríki getur í síðasta lagi hinn 30. júní á almanaksári sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til danska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku slíkrar tilkynningar og efni hennar. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt fellur samningurinn úr gildi við lok almanaksársins í samskiptum milli þess aðildarríkis sem sagt hefur honum upp og annarra aðildarríkja.

Frumrit þessa samnings skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu, er lætur öðrum aðildarríkjum í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 7. desember 1989 í einu eintaki á dönsku, færeysku, grænlensku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Nr. 17 25. júní 1990

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um lyfjaskrá Evrópu.

Hinn 19. júní 1990 var viðbótarbókun við samning frá 22. júlí 1964 um lyfjaskrá Evrópu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1975, undirrituð fyrir Íslands hönd án fyrirvara um fullgildingu. Viðbótarbókunin var gerð í Strassborg 16. nóvember 1989. Samkvæmt bókuninni verður Efnahagsbandalagi Evrópu heimilt að gerast aðili að samningnum.

Tilkynnt verður um gildistöku viðbótarbókunarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 18 25. júní 1990

AUGLÝSING

um samning milli EFTA-ríkjanna og Efnahagsbandalags Evrópu um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða.

Hinn 20. júní 1990 var ráði Evrópubandalaganna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings milli lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands, lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs, konungsríkisins Svíþjóðar og sambandsríkisins Sviss, annars vegar, og Efnahagsbandalags Evrópu, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða sem gerður var í Brussel 19. desember 1989. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Efnahagsbandalags Evrópu, annars vegar, og Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Sambandsríkisins Sviss, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
annars vegar, og

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI, LÝÐVELDIÐ FINNLAND, LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR, KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ OG SAMBANDSRÍKIÐ SVISS,
hér á eftir nefnd EFTA-ríkin,
hins vegar,

hér á eftir sameiginlega nefnd samningsaðilarnir,

MEÐ HLIÐSJÓN af fríverslunarsamningunum milli Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-ríkjanna, sérstaklega markmiðum þeim sem getið er í 1. gr. hvers og eins þessara samninga,

MEÐ HLIÐSJÓN af tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglugerða innan Efnahagsbandalags Evrópu annars vegar og innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hins vegar,

HAFA Í HUGA ásetning EFTA-ríkjanna og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma í framkvæmd virku evrópsku efnahagssvæði,

MEÐ TILLITI TIL yfirstandandi samvinnu Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-ríkjanna um afnám tæknilegra viðskiptahindrana og hins gagnkvæma skilnings sem náðst hefur innan ramma þeirrar samvinnu til að tengja saman tilhögun upplýsingaskipta samningsaðilanna,

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessum samningi skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

— „tæknilýsing“: lýsing í skjali sem skýrir þau einkenni er vara skal hafa, svo sem gæðum, afkastagetu, öryggisatriðum eða stærð, þar með taldar kröfur þær sem gerðar eru varðandi vöruna hvað snertir heiti, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, áritun eða merkingu;
— „tæknileg reglugerð“: tæknilýsing, þar með taldar þær stjórnvaldsreglur sem lögskylt er að fara eftir eða sem nauðsyn býður að farið sé eftir við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða verulegum hluta þess, að undanteknum þeim sem sveitarstjórnir setja;
— „drög að tæknilegri reglugerð“: texti tæknilýsingar, ásamt stjórnvaldsreglum, sem saminn hefur verið til setningar eða sem undirbúningur að setningu tæknilegrar reglugerðar, enda sé textinn á slíku undirbúningsstigi að verulegar breytingar megi enn gera;
— „vara“: iðnaðarvörur og allar landbúnaðarafurðir, þar með taldar fiskafurðir.

2. gr.

Efnahagsbandalag Evrópu skal tilkynna EFTA-ríkjunum, fyrir milligöngu EFTA-ráðsins, um drög að tæknilegum reglugerðum sem Efnahagsbandalagi Evrópu er tilkynnt um af aðildarríkjum þess, í samræmi við viðeigandi lagasetningar bandalagsins.

3. gr.

Aðildarríki EFTA skulu sömuleiðis, fyrir milligöngu EFTA-ráðsins, tilkynna bandalaginu um drög að tæknilegum reglugerðum sem tilkynntar eru innan EFTA í samræmi við viðeigandi ákvæði EFTA.

4. gr.

Drögin að tilkynntum tæknilegum reglugerðum skulu gerð tiltæk í heild sinni á frummálinu svo og í ítarlegri þýðingu á einu af opinberum tungumálum Efnahagsbandalags Evrópu.

5. gr.

Þar sem við á skal einnig fylgja textanum á frummálinu lög eða reglugerðarákvæði sem byggt er á, ef vitneskja um slíkan texta er nauðsynleg til að meta innihaldið í drögunum að hinni tilkynntu tæknilegu reglugerð.

6. gr.

Hver samningsaðili getur óskað frekari upplýsinga um drög að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt er samkvæmt þessum samningi.

7. gr.

Bandalagið og EFTA-ríkin geta gert athugasemdir við drögin sem miðlað er. Athugasemdum EFTA-ríkjanna skal komið á framfæri af EFTA-ráðinu til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (hér eftir nefnd „framkvæmdastjórnin") með einni samræmdri orðsendingu og athugasemdum bandalagsins skal framkvæmdastjórnin koma til EFTA-ráðsins. Þegar gildistöku tæknilegu reglugerðarinnar er frestað í sex mánuði í samræmi við reglur um upplýsingaskipti hvers aðila um sig, skulu þeir tilkynna hver öðrum þar um á sama hátt.

8. gr.

Þar til bær yfirvöld skulu fresta gildistöku draga að tilkynntum tæknilegum reglugerðum í þrjá mánuði frá þeim degi sem drög að tæknilegri reglugerð berast

— framkvæmdastjórninni þegar um er að ræða drög sem aðildarríki bandalagsins tilkynna,
— EFTA-ráðinu vegna draga sem EFTA-ríkin tilkynna.

9. gr.

Þessi þriggja mánaða frestur gildir þó ekki í þeim tilvikum þar sem upp koma knýjandi ástæður er varða heilsuvernd eða öryggi almennings, eða vernd dýra eða jarðargróðurs, og þar til bær yfirvöld verða að undirbúa tæknilega reglugerð á mjög skömmum tíma og veita henni gildi og koma henni strax í framkvæmd án þess að unnt sé að hafa um það samráð. Ástæður fyrir því að þessar knýjandi ráðstafanir séu gerðar skulu gefnar. Réttlætingin á þessum knýjandi ráðstöfunum skal skýrð nákvæmlega með sérstakri áherslu á að ekki hefði verið hægt að sjá þetta fyrir og hversu alvarleg hættan var sem blasti við viðkomandi yfirvöldum sem og hina óyggjandi nauðsyn þess að grípa strax til aðgerða til að ráða bót á henni.

10. gr.

Lokatextanum á frummáli tæknilegu reglugerðarinnar skal einnig miðlað.

11. gr.

Stjórnvaldsaðgerðir vegna ofangreindra tilkynninga eru nákvæmlega skráðar í Viðaukanum, sem er óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

12. gr.

Upplýsingar sem veittar eru vegna þessa samnings skal fara með sem trúnaðarmál, sé þess óskað. Þó mega bæði bandalagið og EFTA-ríkin leita sérfræðiálits manna eða lögpersóna, þar á meðal manna sem ekki starfa á vegum opinberra aðila, enda sé nauðsynlegra varúðarráðstafana gætt.

13. gr.

Samningsaðilar skulu, innan ramma hefðbundinnar samvinnu milli sérfræðinga bandalagsins og EFTA-ríkjanna á sviði tæknilegra viðskiptahindrana, halda reglulega viðræðufundi, bæði til að tryggja að framkvæmd samnings þessa sé fullnægjandi og til að skiptast á skoðunum um athugasemdir sem lagðar hafa verið fram af hvaða samningsaðila sem er, varðandi drög að tæknilegum reglugerðum tilkynntum samkvæmt þessum samningi. Ennfremur, með almennu samþykki, geta samningsaðilarnir

haldið aukafundi til að fást við sérstök mál sem varða sérstök hagsmunamál hvaða einstaka samningsaðila.

14. gr.

Samningur þessi skal ná yfir tilkynningar á drögum að tæknilegum reglugerðum varðandi framleiðsluhætti og framleiðsluaðferðir um leið og samningsaðilarnir hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð innanlands sé lokið.

15. gr.

Samningur þessi gildir í tvö ár til reynslu, en eftir þann tíma skal samningurinn annaðhvort endurskoðaður sameiginlega eða framlengdur um annað tímabil sem ákveðið yrði.

16. gr.

Samningsaðili getur sagt samningi þessum upp að því tilskildu að hann tilkynni það öðrum samningsaðilum skriflega með sex mánaða fyrirvara.

17. gr.

1. Samningur þessi skal taka gildi hinn 1. júlí 1990 að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi fyrir þann tíma afhent staðfestingarskjöl sín aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem fara skal með hlutverk vörsluaðila.

2. Öðlist samningur þessi ekki gildi hinn 1. júlí 1990 skal hann öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta staðfestingarskjal hefur verið afhent.

3. Vörsluaðili skal tilkynna dagsetningu afhendingar staðfestingarskjala hvers samningsaðila og dagsetningu gildistöku samningsins.

18. gr.

Samningur þessi, sem er gerður í einu eintaki á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku, með öllum textunum jafngildum, skal varðveittur í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda sérhverjum samningsaðila staðfest endurrit af honum.

Gjört í Brussel, hinn nítjánda dag desembermánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

VIÐAUKI

Vegna þessa samnings eru eftirfarandi fjarskiptaboðleiðir taldar nauðsynlegar:

1) Tilkynningarblað. Þau má senda fyrir eða samtímis heildartexta draganna.
2) Kvittun fyrir móttöku draga af textanum, sem felur meðal annars í sér viðeigandi frest um gildistöku sem ákveðinn er samkvæmt reglum hvors kerfis um sig.
3) Skilaboð þar sem óskað er viðbótarupplýsinga.
4) Svör við óskum um viðbótarupplýsingar.
5) Athugasemdir.
6) Beiðnir um fund um einstaka mál.
7) Svör við beiðnum um ofangreinda fundi.
8) Beiðnir um lokatexta.
9) Upplýsingar um að sex mánaða frestur á gildistöku hafi verið ákveðinn.

Eftirfarandi boð má, í bili, senda í almennum pósti:

10) Heildartexti af tilkynntum drögum.
11) Löggjöf eða reglugerðarákvæði sem byggt er á.
12) Lokatextinn.

Skilaboðin í liðum 1–9 skulu gefin á einu af opinberum tungumálum Efnahagsbandalags Evrópu.

Stjórnvaldsaðgerðir varðandi skilaboðin, einkum nákvæm uppsetning tilkynninganúmera og skrásetningarlykla, sem og einstök atriði annarra skilaboða skulu samningsaðilar samþykkja sameiginlega.

Sameiginleg yfirlýsing varðandi samninginn um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða

1. Það er skilningur samningsaðila samningsins að EFTA-ríkin skuli breyta skilgreiningunni á „tæknilegri reglugerð" í viðeigandi ákvæðum EFTA-samningsins til samræmis við 1. gr. samningsins.

2. Ennfremur er það skilið að í merkingu 1. gr. samningsins eru „tæknilegar reglugerðir sem sveitarstjórnir setja" þær sem eru fullgiltar af stjórnvöldum sem hafa sama valdsvið og bæjar- og sveitarstjórnir, þ.e. á lægsta stigi ákvörðunartöku og sem hefur eingöngu umráð yfir þessu ákveðna umdæmi. Af þessu leiðir að í ríkjum sem byggjast á sambandsstjórn skulu yfirvöld einninganna er mynda sambandsstjórnina ekki vera talin „sveitarstjórnir" í þessu samhengi.

3. EFTA-ríkin skulu leggja fram staðfestingarskjöl sín til vörsluaðila einungis eftir að þau hafa samræmt viðeigandi reglur ríkis síns við endurskoðuð ákvæði EFTA-samningsins eins og lýst er hér að ofan, og eftir að hafa tilkynnt öðrum samningsaðilum um aðgerðir sem gripið hefur verið til.

Samþykktir fundar

1. Það er skilið að við undirritun muni Efnahagsbandalag Evrópu gefa eftirfarandi yfirlýsingu:

„Efnahagsbandalag Evrópu mun ekki afhenda staðfestingarskjal sitt fyrr en staðfestingarskjöl allra EFTA-ríkja hafa verið móttekin af vörsluaðila."

2. Ennfremur er það samþykkt að leitast verði til af öllum að allir samningsaðilar afhendi staðfestingarskjöl sín samtímis.

Nr. 19 28. júní 1990

AUGLÝSING

um Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Hinn 19. júní 1990 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerður var í Strassborg 26. nóvember 1987. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu. Alþingi hafði með ályktun 26. apríl 1990 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi 1. október 1990 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR
um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem hafa hliðsjón af ákvæðum sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

sem minnast þess að „enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu" samkvæmt 3. gr. þess sáttmála,

EUROPEAN CONVENTION
for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Having regard to the provisions of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Recalling that, under Article 3 of the same Convention, "no one shall be subjected to torture or to inhuman or degrading treatment or punishment";